

Fundur í skólaráði

Haldinn 10. nóvember 2015

Mæting: *Hugrún Thorlacius, Ásdís Melsted, Kristján Meldal, Erna Hjaltadóttir, Helgi Fannar Þorbjarnarson og Eyjólfur Sutrlaugsson.*

1. Fjárhagsáætlun

Skólastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir allar deildir skólans. Svaraði fyrirspurnum og útskýrði einstaka liði. Sagði m.a. að rekstur skólans væri góður ef miðað væri við sambærilega skóla í samanburði sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. Starfsáætlun

Skólastjóri lagði fram starfsáætlun skólans 2015-2016. Helstu breytingar eru að nú er kominn kafli um skólabrag og ný jafnréttisáætlun.

3. Önnur mál.

- a. Vegna mikilla rafmangstruflana sem verða í grunnskólanum í vatnsveðrum gerir skólaráð eftirfarandi bókun til byggðarráðs:

„Skólaráð lýsir yfir áhyggjum af ítrekuðum rafmagnsbilunum í grunnskólahúsnæðinu. Í vatnsveðrum lekur víða inn í skólann og af hlýst m.a. slysaþætta. Rafmagnstafla í skólanum blotnar ítrekað og fer þá rafmagn af að hluta eða öllum skólanum. Erfitt er að koma rafmagni aftur á og þarf að skipta út ónýtum öryggjum og þurrka rafmagnstöfluna. Rafmagnstækjum og tölvubúnaði í skólanum er hættu búin. Vinnuáætlunir nemenda og starfsmanna eru ófullnægjandi í þessu ástandi. Skólaráð skorar á byggðarráð að bregðast við þessu alvarlega ástandi sem fyrst.“

- b. Skólaráð samþykkti áskorun til sveitarstjórnar:

„Skólaráð skorar á sveitarstjórn Dalabyggðar að beita sér við uppsetningu á hraðahindrunum á Vesturbraut. Hraðatakmarkanir eru ekki virtar og er nemendum skólans og öðrum íbúum hættu búin. M.a. fer leikskólinn reglulega í ferð yfir Vesturbrautina og félagsstarf nemenda er staðsett við götuna.“

- c. Skoða þarf hvort hægt sé að mála gólfíð í búningsherbergjum í Dalabúð aftur. Þá vantar lista sem kemur í veg fyrir að vatn renni úr sturrunni út í búningsherbergi.

Fundarritari Eyjólfur Sturlaugsson